

sviptingar bifreiðarstjóraréttinda ævilangt. Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Vilhjálmur Elías Þórhallsson, sæti 10 daga varðhaldi. Hann er sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt frá 28. desember 1955. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 300.00 í talsmannslaun til Jóns Sveinssonar héraðsdómslögmanns.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. febrúar 1957.

Nr. 160/1956 **Ákæruvaldið** (Baldvin Jónsson hrl.)

gegn

Guðmundi Guðjónssyni

(Guðlaugur Einarsson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Skilyrði til refsingar samkvæmt 2. mgr. 200. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 19/1940, talin eigi vera fyrir hendi. Umferðarbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að refsing ákærða fyrir brot gegn umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur ákveðst 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að ákærði greiði $\frac{1}{3}$ hluta og ríkissjóður $\frac{2}{3}$ hluta áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Guðjónsson, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Ákærði greiði $\frac{1}{3}$ hluta og ríkissjóður $\frac{2}{3}$ hluta áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Baldvins Jónssonar hæstaréttarlögmanns og Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. október 1956.

Ár 1956, fimmtudaginn 11. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sveini Snorrasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4194/1956: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Guðjónssyni, en mál þetta var tekið til dóms hinn 20. september s. l.

Mál þetta er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 6. desember 1954, höfðað gegn ákærða Guðmundi Guðjónssyni bílstjóra frá Hermundarstöðum í Þverárhlið fyrir að hafa miðvikudagskvöldið 22. september s. l. gert tilraun til að tæla stúlkuna X, fædda 23. desember 1939, til samræðis við sig, þar sem þau voru stödd í bifreiðinni R 6404 við Þverárrétt í Mýrasýslu, en brot þetta telst varða við 2. mgr. 200. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, til sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Með ákæruskjali 22. júlí 1955 er nefndur Guðmundur jafnframt ákærður fyrir að hafa laugardaginn 30. október 1954, um kl. 20.20, ekið bifreiðinni R 6404 norður Lækjargötu í Reykjavík og beygt vestur Austurstræti gegnt rauðu ljósi á götuvita við nefnd gatnamót, en brot þetta telst varða við 5. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. um-

ferðarlaga nr. 24/1941 og 1. mgr. 28. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lög-reglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur á Hermundarstöðum í Þverárhlíð 5. janúar 1929. Hann hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

- 1949 26/7 Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Sátt: 150 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.
- 1951 22/4 Reykjavík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1952 18/6 Reykjavík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lög-reglusamþykktar.
- 1952 12/11 Reykjavík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lög-reglusamþykktar.
- 1953 2/3 Reykjavík. Kærður fyrir brot á 244. gr. hegningarlaganna. Fellt niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðherra 14/3 1953, en má taka málið upp aftur í 5 ár.
- 1953 15/9 Reykjavík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum og bifreiðalögum.
- 1954 20/1 Reykjavík. Sátt: 80 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum og bifreiðalögum.
- 1954 22/2 Reykjavík. Dómur: 800 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 4 mánuði fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.

Málsatvik eru þessi:

I.

Miðvikudaginn 22. september 1954 var réttardansleikur þreyttur við Þverárrétt í Borgarfirði. Ákærði var á skemmtun þessari. Þar var og stúlkan X, fædd 23. desember 1939. Ekki þekktust þau áður, en munu þó hafa sézt, en ekki talast við fyrr. Þau dönsuðu saman á dansleiknum. Ákærði var lítið eitt með áfengisáhrifum. Eftir að þau ákærði og X höfðu dansað nokkra dansa, fóru þau ásamt bróður X og öðrum manni þaðan úr sveitinni í bifreið ákærða, en ákærði hafði annars falið hinum síðastnefnda umsjá bifreiðarinnar. Sátu þau nú öll um hríð í bílnum, og dró ekki til tíðinda. Þau ákærði og stúlkan X sátu í aftursæti, en mennirnir tveir í framsæti.

Bróðir X vildi nú, að þau systkin byggjust til heimferðar og fór að huga að hestum þeirra. Samtímis fór umsjármaður bílsins úr bílnum. Voru þau nú ein saman í bílnum, stúlkan X og ákærði. Ákærði tók þá að gera sér dælt við stúlkuna. Kveðst hann hafa kysst hana nokkuð og þuklað hana, enda segir hann, að stúlkan

hafi verið fús til fylgilags við sig. Stúlkan X kveðst þó í sjálfu sér hafa verið mótfallin atlotum ákærða og reynt að stugga honum frá sér, þó að þau hafi þó einnig haft þau áhrif á sig, að hún hafi viljað vera kyrr með honum. Þess ber að geta, að fólk mun hafa verið þarna á næsta leiti, bifreiðin ólæst og því ærin tækifæri fyrir stúlkuna að komast frá ákærða, ef hún vildi ekki þýðast hann, en stúlkan kveðst hvorki hafa reynt að komast frá ákærða eða kalla á hjálp.

Er nú ákærði hafði sýnt stúlkunni blíðuhót um stund, segir hún, að hann hafi fært þau bæði úr buxunum og reynt að eiga við sig mök, en ekki tekizt. Ákærði neitar þessu og telur, að stúlkan muni sjálf hafa fært sig úr buxum sínum, en heldur sýnist það vera ólíklegt. Ákærði neitar því einnig, að hann hafi farið úr sínum buxum, en telur þó möguleika á því, að ytri buxur sínar, sem verið hafi of stórar sér, hafi getað runnið niður. Hins vegar kvaðst hann ekki geta sagt um það í fyrsta þinghaldi málsins, hvort hann hefði ætlað að hafa samfarir við stúlkuna, en í síðara réttarhaldi kvaðst hann ekki hafa ætlað sér það og ekki hafa reynt það, en við lögreglumenn þá, sem þegar komu á staðinn, virðist ákærði hafa sagt, að hann hafi ætlað að eiga samfarir við stúlkuna.

Það segir nú af bróður stúlkunnar X, að hann fór frá bílnum til þess að handsama hesta þeirra systkina. Kom hann aftur að bílnum að vörmu spori með hesta þeirra. Hann settist sem snöggvast í framsæti. Systir hans, X, talaði ekkert til hans, og hann gat ekkert merkt, sem benti til þess, að hún vildi ekki vera hjá ákærða. Hestarnir hlupu hins vegar frá bílnum, og elti bróðir X þá, en kveðst þá ekki hafa haft tækifæri til að athuga, hvað þau aðhöfðust í aftursætinu, enda var dimmt. Bróðir X kom að vörmu spori aftur að bílnum. Þá var búið að læsa öllum hurðum bílsins, og komst hann því ekki inn, og ekki var honum sinnt, þó að hann berði á hurðir. Ákærði mun þá hafa beðið hann að ganga á brott. Ákærði segir stúlkuna hafa beðið bróður sinn að fara, en hún hefur mótmælt því, en bróðir hennar segir, að hún hafi þá sagt, að hún skyldi koma rétt strax eða eitthvað í þá átt. Þegar bróðir X sá, að þau myndu ekki ljúka upp fyrir sér, kveðst hann hafa farið til nærstaddra lögregluþjóna, þeirra Þorvarðs Trausta Eyjólfssonar og Jóhannesar Björgvinssonar, og fengið þá í lið með sér.

Þeir fóru að bílnum og lýstu með vasaljósi um glugga og sáu, að þau ákærði og stúlkan X voru þar, nakin að neðan, en ákærði var þá, að sögn Þorvarðs Trausta, ofan á stúlkunni. Vitnið Jóhannes Björgvinsson, sem þarna kom að um líkt leyti, staðfestir, að

stúlkan hafi verið að taka upp buxur sínar, er hann kom að, en veitti ekki athygli útliti eða klæðaburði ákærða.

Stúlkan var skömmu síðar sama kvöld athuguð af Þórði Odds-syni héraðslækni, sem segir í vottorði sínu, að hún hafi engin merki samfara borið.

Ákærði staðhæfir, að hann hafi ekkert vitað um aldur stúlkuunnar, hann hafi ekkert spurt hana um aldur og hún ekkert upplýst sig þar um. Er það og staðfest af stúlkunni. Verður að telja ósannað, að ákærði hafi vitað aldur hennar eða átt að hafa ástæðu til þess.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að teljast fullsannað, að sá hafi verið tilgangur ákærða, eftir að hann var orðinn einn með stúlkunni X í bílnum, að eiga við hana samfarir, og með kossum sínum og þukli og með því að afklæða þau þykir hann eindregið hafa sýnt ásetning þar í verki.

Pegar hins vegar eru virt þau atriði, að ákærði hefur fyrir veru þeirra tveggja í bílnum engin blíðuhót sýnt stúlkunni X né hafzt að nokkuð það, er benti til þess, að hann hygðoi á samfarir við hana, að hann reynir ekki á annan hátt að fá stúlkuna til fylgilags við sig en með atlotum sínum, að stúlkan virðist ekki vera mótfallin atlotum ákærða, þar sem hún hafði næg tækifæri til þess að komast hjá þeim, gerir ekki tilraun til að komast úr bílnum né heldur til þess að opna fyrir bróður sínum, eftir að dyrum bílsins hafði verið læst, heldur gefur beinlínis í skyn, að hún vilji ekki fara frá ákærða strax, þá þykir þó þrátt fyrir bersýnilega yfirburði aldurs og reynslu ákærða varhugavert að telja sannað, að sú andúð hafi verið fyrir hendi hjá stúlkunni X á athöfnum ákærða, að stúlkan þyrfti að verða fyrir þeim sálrænu áhrifum fyrir hans tilstilli, sem bældu niður andúð hennar á athöfnunum. Þykir því bresta skilyrði þess, að talið verði, að ákærði hafi gert tilraun til þess að „tæla stúlkuna X til samræðis við sig“ í skilningi 2. mgr. 200. gr. hinna almennu hegningarlaga, þannig að refsivert sé, þó að athæfi hans kunni á hinn bóginn að sýnast vitavert frá siðferðilegu sjónarmiði.

Telur dómurinn því eftir atvikum rétt að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot á 2. mgr. 200. gr. hegningarlaganna, sbr. ákæru-skjal 6. desember 1954, og þeim kröfum, sem þar eru gerðar.

II.

Hinn 30. október 1954 ók ákærði bifreið sinni, R 6404, norður Lækjargötu í Reykjavík. Þrír farþegar voru í aftursæti bifreiðar hans.

Umferðarviti er á mótum Lækjargötu og Bankastrætis.

Þrír lögreglumenn, sem komu akandi niður Bankastræti í sömu mund og ákærði ók um umrædd gatnamót, staðhæfa, að ákærði hafi ekið á móti rauðu ljósi umferðarvitans, en það er merki þess, að honum bar að halda kyrru fyrir. Því hefur ákærði mótmælt, en engu að síður verður það talið sannað með eiðfestum framburði Jóns Þorgríms Jóhannssonar og Borgþórs Þórhallssonar lögreglu-manna og framburði Guðmundar Hermannssonar lögregluþjóns, en farþegar í bifreið ákærða munu ekki hafa veitt þessu athygli.

Varðar brot þetta við 5. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 28. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

III.

Refsing ákærða samkvæmt 14. gr. umferðarlaga og 96. gr. lögreglusamþykktarinnar þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 300 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, en vararefsing varðhald í 3 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðlaugs Einarssonar hdl., þykja hæfilega ákveðin kr. 1500.00. Eftir atvikum og með vísan til 2. mgr. 141. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála þykir rétt að dæma ákærða til þess að greiða einn þriðja hluta sakarkostnaðar, en tveir þriðju hlutar skulu greiðast af almannafé.

Dráttur á máli þessu stafar af því, að eftir þingfestingu þess var óskað framhaldsrannsóknar. Var málið sent til rannsóknar í Keflavík og kom ei þaðan fyrr en vorið 1955. Þá var það sent til Borgarness, en vitni, sem þar skyldi yfirheyrt, fannst ekki, og um síðir fréttist, að það væri ekki á landinu. Ákæruskjal, dags. 22. júlí 1955, barst dómara þeim, er dóminn kvað upp, eigi fyrr en s.l. vetur, en þá var ákærði eigi í bænnum, og tókst dómara ekki að hafa samband við ákærða fyrr en 31. maí til birtingar ákærunnar. Sakir fjarveru verjanda og síðan dómara dróst málið þar til í september s.l., að það var dómtekið hinn 19. þess mánaðar, og að lokum hefur dómsuppsaga dregizt dag umfram það, er lög ætlast til, vegna mikilla anna dómans.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Guðjónsson, greiði 300 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 3 daga.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðlaugs Einars-

sonar hdl., ákveðast kr. 1500.00. Ákærði greiði einn þriðja, en ríkissjóður tvo þriðju hluta sakarkostnaðar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. febrúar 1957.

Nr. 122/1956. **Ákærvaldið** (Jón Bjarnason hdl.)

gegn

Friðgeiri Ragnari Guðmundssyni

(Jónas Thoroddsen hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Líkamsárás. Sönnunaratriði. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitni verið eiðfest og nokkur framhaldspróf verið háð í málinu.

I. Líkamsárás á Jón Björnsson.

Í prófum málsins hafa komið fram nokkur atriði, sem veita allmiklar líkur fyrir því, að ákærði sé valdur að áverkum þeim, er Jón Björnsson hlaut umrædda nótt. Ber þar að nefna för ákærða á eftir Jóni Björnssyni, eftir að Jón fór úr húsi ákærða um nóttina, návist ákærða við árásarstaðinn skömmu eftir árásina svo og það, að ákærði, sem var drukkinn, hefur reynzt ofstopamaður við vín. Þá hefur og vitnið Kristín Magnúsdóttir borið, að hún hafi einhvern tíma eftir klukkan tvö nefnda nótt séð tvo menn vera í stimpingum fyrir framan húsið nr. 94 við Hafnargötu og hafi annar þeirra verið ljósklæddur að ofan, en sú lýsing getur átt við búnað ákærða, er hann fór að heiman á eftir Jóni Björnssyni.

Á hinn bóginn ber og að líta til þess, er nú skal greina: Ákærði hefur ekki kannast við að hafa framið árásina. Ekki verður séð af prófum málsins, að ákærði hafi nefnda nótt sýnt neina áreitni eða ofbeldi né verið í árásarhug, og var hann þó búinn að neyta áfengis um nokkurn tíma. Jón